


LAXÁ Á ÁSUM 1991

Tumi Tómasson

Ísólu September 1991

VMST-N/91008X



VEIÐIMÁLASTOFNUN  
Norðurlandsdeild

530

LAXÁ Á ÁSUM 1991

Tumi Tómasson

Hólum, september 1991

VMST-N/91008X



**VEIÐIMÁLASTOFNUN - NORÐURLANDSDEILD**  
Hólum, Hjaltadal, 551 Sauðárkróki.

## LAXÁ Á ÁSUM 1991

### INNGANGUR

Dagana 10. og 11. júlí 1991 var gerð könnun á seiðastofnum Laxár á Ásum. Tilgangur þessara athugana, sem hafa verið gerðar reglulega á undanförunum árum, er að fylgjast með nýliðun, vexti, útbreiðslu og almennu ástandi árganga laxaseiða.

Að þessu sinni voru sérstaklega athugaðir möguleikar á að auka laxgengd fram í Efri Laxá, milli Svínavatns og Laxárvatns. Stefán Jónsson á Kagaðarhóli og Flosi Ólafsson komu með í vettvangskönnun á rafveituskurðinum og einnig var sérstaklega leitað eftir álitum Páls Þórðarsonar í Sauðanesi.

Rafveitt var á hefðbundnum stöðum í Laxá, alls á 12 stöðum. Þar af eru þrjár staðir í Efri Laxá og einn í rafveituskurðinum. Rafveiðistaðirnir eru merktir inn á Mynd 1.

### NIÐURSTÖÐUR OG UMRÆÐA

Niðurstöður rafveiðanna eru teknar saman í Töflu 1 og á Mynd 2. Þegar niðurstöður eru bornar saman við fyrri ár verður að taka tillit til að veiðitíminn er nokkuð breytilegur milli ára. Þess er tæplega að vænta að fullnægjandi mynd fái af útbreiðslu vorgamalla seiða, en þar sem vorið í ánni var u.þ.b. einum mánuði fyrr á ferðinni nú en undanfarin tvö ár má ætla niðurstöður varðandi þennan aldurshóp nokkuð sambærilegar við fyrri ár.

#### Efri Laxá

Að þessu sinni fundust ekki vorgömur seiði í Efri Laxá og það er ljóst að þar hefur ekki orðið mikil hrygning s.l. haust. Staða lax á svæðinu hefur ekki styrkst og nú er svo komið að tæplega er um nokkurt laxaseiðauppeldi að ræða á neðsta kaflanum. Það er tæplega við miklum laxagöngum að búast fram í Efri Laxá á næstu árum, jafnvel þótt gönguleið laxins yrði

lagfærð. Samt mætti búast við verulegri aukningu frá því sem verið hefur á undanförnum árum.

Ég tel að á næstu árum ætti að gera verulegt átak í laxrækt á svæðinu, bæði með því að fara með hrygningarlax fram eftir að haustinu, en einnig með sleppingum 5-7 cm seiða í júní næstu 2-3 árin. Ég mæli með að sleppt verði um 12-15000 seiðum árlega og þeim dreift á grýtta kaflann frá brúnni og niður að Laxárvatni, 4-5 seiðum á hvern lengdarmetra. Jafnframt mætti sleppa smáseiðum í Svinadalsá eins og fjallað var um í skýrslunni frá 1990.

### Neðri Laxá

Óvenju mikið vatn var í ánni milli Laxárvatns og rafveituskurðarins, en þó var auðvelt að veiða. Ég áætlaði lauslega að um 1/4 - 1/3 heildarrennslisins færi um ána, restin í gegnum rafstöðina.

Í efri hluta árinna var ástandið almennt mjög gott. Seiðin voru með vænsta móti og seiðavöxtur góður. Lengd seiða af sama aldri var nánast eins og hún mældist 1990, en þó var mælingin þá gerð mánuði seinna á sumrinu. Ástandið núna og samanburður við niðurstöður rafveiða frá s.l. ári bendir til að gönguseiðaaframleiðslan hafi verið mjög góð s.l. vor og allar forsendur eru fyrir því að svo verði áfram næsta vor. Reyndar virtist magn vörgamalla seiða vera með almesta móti því ekki var sérstaklega reynt að veiða öll slík seiði sem sáust. Fæðuþörf seiðanna eykst í þriðja veldi miðað við lengdaraukningu (t.d. er fæðuþörf 7 cm seiðis tæplega þrisvar sinnum meiri en fæðuþörf 5 cm seiðis, sem aftur þarf tæplega fimm sinnum meiri fæðu en 3 cm seiði) og því gæti mjög stór árgangur leitt til rýrnandi vaxtarskilyrða og aukinnar dánartíðni milli ára. Það vekur athygli að þessi árgangur skuli vera svona sterkur eftir lélega veiði s.l. sumar.

Í rafveituskurðinum fannst mjög mikið magn af vörgömlum seiðum, en skortur á skjóli takmarkar mjög útbreiðslu stærri seiða þar. Fyrir utan það svæði sem veitt var á var einnig

farið aðeins um skurðinn með tækin og allsstaðar virtist ástandið eins. Það hefur líklega aldrei verið meira um vorgömul seiði í skurðinum síðan hefðbundnar athuganir hófust fyrir nokkrum árum og gæti það bent til óvenju mikillar hrygningar þar s.l. haust. Þessar niðurstöður renna stoðum undir þá skoðun að stór hluti þess lax sem á uppruna sinn í Efri Laxá leiti upp í skurðinn.

Á rafveiðistöðunum fyrir neðan skurðinn (staðir 9 og 10) fundust nú færri stór (2+) seiði en oft áður, en þetta snýst síðan við þegar neðar dregur (staðir 11 og 12). Einkum er ástandið nú gott á neðsta staðnum.

#### UMRÆÐA OG ÁLYKTANIR

Veiðin 1991 var með lakara móti, en þó betri en s.l. tvö ár. Alls veiddust um 850 laxar. Þótt þetta sé ekki mikil veiði miðað við að veiðin var oftast 1200-1800 laxar á ári árin 1971-1988, þá eru þetta samt að meðaltali um 4.7 laxar á stangardag sem þætti víðast mjög gott. Þetta leiðir hugann að því hvort ekki sé rétt að reyna að auka veiðiálagið í ánni, en þó verður arðsemisjónarmiðið að vera ríkjandi. Það er ekkert vit í að t.d. fjölga stöngum ef ekki fást meiri tekjur af veiðinni á þann hátt.

Veiðin hefst 1. júní í Laxá og oft er mjög lítil veiði fyrstu vikuna eða vikurnar, þótt það séu vissulega árskipti þar á. Það mætti t.d. hugsa sér að selja 3 stangir í ána í ágúst og jafnvel júlí til að byrja með, meðan menn eru að átta sig á hvaða áhrif slíkt hefur á veiðileyfasölu og tekjumyndun af veiðiréttinum. Ég tel rétt að reyna þetta nú þegar nokkuð ljóst virðist að áin er að koma upp úr lögð undanfarinna ára. Þá mætti gera meira af að lagfæra veiðistaði, gera nýja og bæta samgöngur við þá. Ef lögunum verður breytt liggur einnig beint við að lengja veiðitímann um 2-3 vikur. Þangað til mætti athuga hvort ekki væri rétt að færa hann aftur um 1 eða 2 vikur.

Ég hef áður rætt um að það eru hagsmunir heildarinnar að Efri


Laxá framleiði meiri lax og að honum verði gert kleyft að ganga fram ána. Það yrði bæði til að auka umferð laxa og þá veiði í Neðri Laxá, en líka eru auknar líkur á að herra hlutfall laxa yrði 2 ár í sjó, og því yrðu sveiflur milli ára eitthvað minni. Þegar rafveituskurðurinn var skoðaður í sumar var það samdóma álit þeirra sem þar mættu að það væri tæplega raunhæfur möguleiki að ætla sér að breyta farvegi frárennslis stöðvarinnar þannig að það félli í mörgum kvíslum út í á. Fyrir utan mikinn kostnað og óvissan árangur gæti það landrof sem slíkum framkvæmdum fylgdi haft mjög neikvæð áhrif á lífríki árinna þar fyrir neðan, a.m.k. tímabundið.

Í sumar var rennslis um náttúrulegan farveg árinna úr Laxárvatni mun meira en verið hefur á undanförunum árum, og telur Páll Þórðarson að það hafi orðið til þess að meiri lax hafi gengið fram ána og um stigann. Það er vonandi að raforkuframleiðslu og rennslis verði í framtíðinni stjórnað svo að eðlileg gönguleið laxa fram í Efri Laxá verði um upprunalegan farveg árinna. Best væri ef rennslis yrði hagað þannig að meirihluti þess færi um farveginn, en einnig mætti hugsa sér að hafa sérstaklega gott rennslis í ánni í 3-4 daga 3-4 sinnum að sumrinu, á sama tíma og lágmarksrennslis yrði um skurðinn, og sjá hver reynslan yrði af því.


Tafla 1. Fjöldi veiddra laxaseiða eftir aldri í Laxá á Asum 10.-11. ágúst 1991.

Fjöldi veiddra laxa-, urriða- og bleikjuseiða á hverja 100 m<sup>2</sup>

Stöð nr	Stærð m <sup>2</sup>	Lax				Urriði	Bleikja
		0+	1+	2+	3+/4+		
1	40x10	-	2.0	0.5	-	0.8	2.0
2	50x10	-	5.2	2.2	-	0.6	0.4
3	30x10	-	-	0.3	-	19.0	0.3
4	16x15	32.9	17.9	6.3	-	0.8	0.8
5	20x18	15.0	10.0	8.1	3.9	-	-
6	22x12	3.0	13.6	7.2	9.9	0.4	-
7	35x10	1.1	10.0	4.9	-	0.3	1.1
8	15x6	193.3	1.1	1.1	-	-	2.2
9	30x12	8.3	5.0	2.5	-	-	0.3
10	22x20	11.8	7.7	0.5	-	-	0.2
11	33x16	3.6	4.4	5.1	0.4	-	-
12	50x10	3.2	3.6	5.4	-	0.2	-



Mynd 1. Rafveiðistaðir í Laxá á Ásum.



Mynd 2.

Lengdar- og aldrisdreifing veiddra laxaseiða í Laxá á Ásum 10.-11. ágúst 1991.